

Nd.

82. Frumvarp til laga

[74. mál]

um bann við losun hættulegra efna í sjó.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Íslenzkum skipum er bannað að losa í sjó, hvort heldur er innan eða utan íslenzkrar lögsögu, öll þau efni eða efnasambönd, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna.

Bann þetta nær yfir: 1. Torleysanleg lífræn efni, eða lífræn efnasambönd, sem leysast hægt í sundur, hvort sem er í lifandi verum eða við efnabreytingar. 2. Úrgang, sem hefur að geyma ofangreind efni, eða efnasambönd (lífræn eða ólífræn) þungra málma eða eittraðra málma.

2. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð, þar sem öll hin bönnuðu efni eru tæmandi talin, og frekari fyrirmæli um framkvæmd bannsins eftir því sem þurfa þykir.

Einnig má ákveða í reglugerð bann eða fyrirmæli um losun efna, sem ekki eru eitruð eða hættuleg, en geta orsakað alvarlega hindrun við fiskveiðar eða siglingar, ef sökk er á ákveðnum stöðum.

3. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eða fyrirtækjum er einnig bannað að stuðla að losun hinna bönnuðu efna.

4. gr.

Ákvæði 1.—3. gr. eiga einnig við um losun þarnefndra efna eða efnasambanda á hafi úti úr öðrum flutningstækjum en skipum.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd þær alþjóðasamþykktir, sem kunna að verða gerðar um varnir gegn mengun alþjóðlegra hafsvæða, og skulu auglýsingar um staðfestingu og gildistöku viðkomandi samþykktta birtast í C-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fulltrúar frá sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytum Norðurlanda hafa komið saman til nokkurra funda á þessu ári til þess að ræða mengun hafsins og hugsanlegar aðgerðir gegn þeirri miklu ógnun, sem mengun er öllu sjávarlífi. Niðurstöður þessara viðræðufunda hafa orðið þær, að á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda 26.—27. apríl s. l. var ákveðið, að Norðurlönd skyldu stíga sitt fyrsta sameiginlega skref í baráttunni gegn mengun sjávar með því að koma á, í þessum löndum, banni við losun hættulegra efna í sjó eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Einnig var samþykkt, að Norðurlöndin skyldu reyna að vinna þátttökuríki í Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni til fylgis við sams konar bann, og hinn 4. maí s. l. var Bretum og Hollendingum afhent orðsending í þessu tilefni í gegnum sendiráð Íslands í London, en hin Norðurlöndin sendu öðrum NEAFC-ríkjum samsvarandi orðsendingar.

Norðmenn, sem þegar hafa sett hjá sér reglur þær, sem frumvarp þetta hefur að geyma, buðu síðan öllum NEAFC-ríkjunum (Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, V-Þýzkaland, Írland, Ísland, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spánn og Svíþjóð) til ráðstefnu í Osló 19.—22. október 1971 til þess að ræða þessi mál. Á ráðstefnu þessari mættu fulltrúar frá öllum ofangreindum ríkjum nema Írlandi, Póllandi og Sovétríkjunum.

Tókst á ráðstefnunni að ganga frá, í öllum meginatriðum, uppkasti að alþjóðasamþykkt, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarps þessa, sem felur í sér miklar takmarkanir og eftirlit með losun (úrgangs)efna í sjó úr skipum og flugvélum.

Alþjóðasamþykkt þessi, sem væntanlega verður tilbúin til undirskriftar fljótlega eftir næstu áramót, nær til alls þess svæðis, sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðisamþykktin tekur til.

Frumvarp þetta, sem felur í sér almennt bann við losun allra efna eða efna-sambanda, sem hættuleg geta verið sjávarlífi eða heilsu manna (en efni þessi ákvarðast nánar með reglugerð), nær hins vegar í samræmi við hið norræna samkomulag til allra hafsvæða hvar sem er í heiminum.

Frumvarpi þessu er ekki ætlað að taka til óhreinkunar sjávar af völdum olíu eða annarra atriða, sem þegar eru lagafyrirmæli um, eða alþjóðasamþykktir, sem staðfestar hafa verið af Íslands hálfu.